

# METFORMÍN (GLUCOPHAGE®) Á MEÐGÖNGU

ICD-10 greining:

E28.2 Fjölbeltja-eggjastokksheilkenni

O24.4 Sykursýki sem hefst í þungun

Metformín er lyf sem er meðal annars notað í meðferð á sykursýki 2 og meðgöngusykursýki. Metformín eykur insúlínnæmi í frumum líkamans og þar með upptöku á sykri úr blóðinu. Það dregur einnig úr losun sykrunga (glúkógens) úr lifrinni og hægir á frásogi sykurs úr þörmunum.

Metformín er notað sem meðferð við meðgöngusykursýki. Það hjálpar til við blóðsykurstjórnun og getur dregið úr þyngdaraukningu móður á meðgöngu. Einnig getur það minnkað líkur á ofvexti fósturs (macrosomia) og of lágum blóðsykri hjá nýburanum.

Þungaðar konur með sykursýki 2 sem hafa tekið metformín fyrir meðgönguna, þurfa oft að fá insúlín á meðgöngunni ef metformín eitt og sér dugir ekki til að halda blóðsykrinum innan marka (skipta alfarið yfir í insúlínmeðferð eða taka ásamt metformíni).

## METFORMÍN OG PCOS

Í vissum tilvikum er metformín gefið konum með PCOS. Jákvæð áhrif metformíns hjá þeim geta verið m.a. aukið þyngdartap, lækkun andrógena (karlkyns hormóna svo sem testósteróns) og meiri regla á egglosi og tíðahring og þar með jákvæð áhrif á frjósemi.

Notkun metformíns á meðgöngu hjá konu með PCOS er þó umdeild. Við notkun lyfja á meðgöngu er mikilvægt að meta ávinning af lyfinu til móts við mögulega áhættu. Ekki hefur verið sýnt fram á að metformín minnki hættu á meðgöngusykursýki eða stóru barni hjá þessum konum, en það gæti minnkað hættu á fyrirburafæðingum. Metformín berst í töluverðu magni yfir fylgjuna og til fóstursins. Ekki hefur komið í ljós aukin hættu á sköpulagsgöllum hjá fósturi við notkun á meðgöngu. Hins vegar eru langtímaáhrif á barnið minna rannsökuð og hafa vísbendingar komið fram um aukna hættu á ofþyngd hjá börnunum við 18 ára aldur sem voru útsett fyrir metformíni á meðgöngu.

Það er því ekki mælt með notkun metformíns á meðgöngu með PCOS sem ábendingu. Þær konur sem hafa verið á metformíni ættu að hætta á því í upphafi meðgöngu. Konur með PCOS og einnig sykursýki ættu að hafa samráð við heimilislækni eða fæðingalækni varðandi sína lyfjameðferð á meðgöngu.